



## Tenging við Terminal Server utan skólans

Nemendur og starfsfólk skólans geta tengst inn á Terminal Server sem heitir Skuld utan skólans.

Með því að tengjast Skuld hafa nemendur og starfsfólk aðgang að þeim forritum sem skólinn hefur yfir að ráða en auk þess hafa notendur aðgang að sínu heimasvæði (H:/) og geta sent skjöl í prentun.

Þeir sem eru með PC tölvur og Windows stýrikerfið geta notað forrit sem heitir Remote Desktop Connection til að tengjast. Forritið er að finna undir Start – Accessories – Remote Desktop Connections í Windows 7 stýrikerfinu og eldri stýrikerfum Windows. Þeir sem eru með Windows 8 stýrikerfið eða Windows 10 geta fundið forritið með því að nota Search valkostinn.




Þeir sem eru með **MAC** tölvur þurfa að nota forrit sem heitir [Microsoft Remote Desktop 8](#) ef þeir eru með Yosemite stýrikerfi eða eldra. Þeir sem eru með stýrikerfi El Capitan eða nýrra nota [Microsoft Remote Desktop 10](#) forritið.

Hægt er að sækja Microsoft Remote Desktop forritin frítt út á netið með því að velja tenglana hér fyrir ofan. Hægt er að fá aðstoð við uppsetningu á forritinu í Þjónustuverinu í FÁ.

Þegar Remote Desktop Connection forritið er ræst opnast gluggi þar sem notandi tengir sig inn á netið.

Til að tengjast inn á Terminal Serverinn er nafnið á vélinni skrifað inn í Computer línuna: **skuld.fa.is**. Aðgerðin er staðfest með því að smella á **Connect** hnappinn.

Næsta skref er að skrá inn notendanafn og lykilorð. Í valmyndinni sem kemur upp er notendanafnið skrifað inn í User name línuna, sem er efri línan. Notendanafn nemenda samanstendur af fyrstu 8 stöfum kennitölu þeirra með bókstöfunum **fa** fyrir framan og **@fa.is** endingunni fyrir aftan, eins og sýnt er á myndinni hér fyrirneðan. Í neðri línuna er lykilorðið skráð inn. Að lokum er aðgerðin staðfest með því að velja OK hnappinn.




The image shows a Windows Security dialog box titled "Enter your credentials". The subtitle reads "These credentials will be used to connect to skuld.fa.is." There are two input fields: the top one contains the email address "fa01018756@fa.is" and the bottom one contains a password represented by eight dots. Below the password field, it says "Domain: fa.is" and has a checkbox for "Remember me" which is currently unchecked. Underneath, there is a section for "More choices" with a list of accounts. The first account is "FA\fa29039825". Below that is a blue button labeled "Use a different account". At the bottom of the dialog are two buttons: "OK" and "Cancel".

Mögulega þarf að breyta um notanda í innskráningarmyndinni ef annar notandi hefur skráð sig inn áður. Eins og myndin ber með sér þá kemur fram hver var síðast tengdur inn. Til að skipta um notanda er „Use different account“ valkosturinn valinn. Upp kemur sama valmynd og áður þar sem notandinn getur skráð sig inn.

Windows Security

### Enter your credentials



These credentials will be used to connect to skuld.fa.is.

 fa01018756@fa.is

Domain: fa.is

Remember me

[More choices](#)

-  FA\fa29039825
-  Use a different account

Þegar notandinn er kominn inn kemur upp eftirfarandi skjámynd þar sem notendur hafa aðgang að þeim forritum sem eru á skjáborðinu auk þess að geta sótt gögn og vistað gögn á heimasvæði sínu (H:\) og sent verk í prentun.

